



FÉLAG PÍPULAGNINGAMEISTARA

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman upplýsingar um atvinnugrein pípulagningameistara. Fengin var sérvinnsla hjá Hagstofu Íslands til að varpa ljósi á stöðu og umfang greinarinnar. Gögnum var aflað um veltu fyrirtækja, fjölda starfandi og fjölda launagreiðenda. Hér er tekin til skoðunar grein 43320 (ÍSAT2008). Til þessarar greinar teljast pípulagnir og uppsetning hitunar- og loftræstikerfa, einnig viðbætur, breytingar, viðhald og viðgerðir.

- Í þýðinu fyrir fjölda starfandi í greininni eru allir sem eru í staðgreiðsluskrá, óháð aldri eða hvort þeir eru búsettir á landinu eða ekki. Í þýðinu eru allir sem fá skattskyldar tekjur, það er, staðgreiðsla launa, reiknað endurgjald og einstaklingar sem eru launagreiðendur samkvæmt launagreiðendaskrá.
- Í þýðinu fyrir fjölda launagreiðenda eru taldir allir launagreiðendur í staðgreiðsluskrá.
- Veltutölur sýna veltu án virðisaukaskatts, skv. virðisaukaskattskýrslum.

FJÖLDI STARFANDI


Árið 2020 voru að meðaltali tæplega 1.000 starfandi við pípulagnir og uppsetningu hitunar- og loftræstikerfa samanborið við 563 árið 2012. Fjöldi starfandi í greininni hefur farið vaxandi undanfarin áratug eftir að hafa hafa náð lágmarki á árunum 2011-2012 í kjölfar efnahagshrunsins



LAUNAGREIÐENDUR

Árið 2020 voru launagreiðendur í greininni að meðaltali 253 talsins en voru 256 árið 2019. Launagreiðendum í pípulögnum og uppsetningu hitunar- og loftræstikerfa hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin áratug. Hefur þeim fjölgað um ríflega 40% frá árinu 2012 þegar launagreiðendur voru 177 talsins samkvæmt staðgreiðsluskrá.

Meðalfjöldi launagreiðenda á ári
Pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftræstikerfa



VELTUTÖLUR

Velta fyrirtækja í pípulögnum og uppsetningu hitunar- og loftræstikerfa var tæpir 25 milljarðar króna á árinu 2020. Er það aukning frá árinu áður þegar hún nam 24 milljörðum króna. Veltan í greininni hefur vaxið nokkuð skarpt á liðnum árum en árið 2010 var heildarvelta í greininni ríflega 7 milljarðar og nemur aukningin því 249%.

Velta, í milljónum kr.
Pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftræstikerfa

